

Alþingi
Erindi nr. P 132/1534
komudagur 4.4.2006



LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 4. apríl 2006

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samstarf Vestur-Norðurlanda um markmið í fiskveiðimálum, 297. mál.


Miklvægt er að hafa gott samstarf milli Færeyja, Grænlands og Íslands á ýmsum sviðum fiskimála. Augljós er sú gagnsemi sem hafa má af auknu samstarfi á sviði hafrannsóknna og gagnkvæmra samninga um aðgang að lögsögu til veiða, enda um aðliggjandi hafsvæði að ræða og í ýmsum tilvikum fisk sem flytur sig yfir lögsögumörk á þessu svæði. Ennfremur gerir sameiginleg áhersla landanna á réttinn til sjálfbærrar nýtingar sjávardýra þeim einatt kleift að tala einni röddu um fiskveiðimál á alþjóðavettvangi. Er því einsýnt að efla ber samskipti og samstarf í þessum málum.

Þegar kemur að samskiptum Vestur-Norðurlanda við Evrópusambandið um fiskimál sérstaklega birtist hins vegar flóknari mynd, eins og glögglega kemur fram í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Tengsl landanna við Evrópusambandið eru ólík og þar hefur Grænland mesta sérstöðu vegna greiðslna ESB fyrir réttindi til fiskveiða í Grænlenskri lögsögu. Ólíkum tengslum fylgja ólíkir hagsmunir í þessum efnum. Því þykir rétt að hafa hóflegar væntingar um árangur hvað sameiginleg markmið Vestur-Norðurlanda gagnvart Evrópusambandinu varðar. Engu að síður væri skynsamlegt að kanna frekar möguleikana til aukins samstarfs í þessum efnum sem öðrum.

Að þessu athuguðu teljum við æskilegt að Alþingi álykti með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í tillögunni.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna


Friðrik J. Arngrímsson